

Framhaldsaðalfundur Íslendingafélagsins í Osló

11. maí 2015 í Ólafístofu kl. 20:00

Formaður, María Matthíasdóttir bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á að Steinunn Lilja Ólafsdóttir yrði fundarstjóri og Jónína Margrét Arnórsdóttir fundarritari. Var það samþykkt.

1. Reikningar félagsins

Endurskoðandi reikninga, Elín Gylfadóttir, vill ekki skrifa undir reikningana þar sem bókhaldið sé afar ófullkomið, ekki fært sem debet-kredit. Hún mælir með breyttum starfsháttum því að allt of mikið vanti af kvittunum á bak við greiðslur. Hún mælir einnig með að aðgreina Íslendingahúsið og rekstur þess frá rekstri félagsins.

Fara þarf grannt í saumana á bókhaldinu til að reyna að fá það rétt.

Mikilvægt er að fráfarandi gjaldkeri félagsins svari fyrir störf sín þar sem upp hefur komið að hann hefur dregið sér fé. Sett verði upp nefnd til að fara yfir bókhald ársins 2014.

Mikilvægt er að ný stjórn setji sér verklagsreglur fyrir bókhaldið og allra helst noti bókhaldskerfi með bókhaldslyklum.

Ekki er lögð fram rekstrar- og tekjuáætlun fyrir félagið árið 2015. Stefnt er að því að eftir að farið hafi verið gegnum ársreikninga félagsins verði gerð áætlun fyrir árið 2016 skv. rauntölum og birt á aðalfundi.

Umræður spunnust um það á fundinum hvort kæri ætti gjaldkera til lögreglu fyrir fjárdrátt. Ákveðið var að bíða með það þar til búið sé að ljúka við að fara yfir bókhaldið og allt liggja á borðinu.

2. Kosningar

Kosning til formanns: Sitjandi formaður, María Matthíasdóttir, býður sig fram áfram. Er hún sjálfkjörin.

Kosning til stjórnar: Í framboði eru: Guðmundur Gíslason, Elísabet Steingrimsdóttir, Elín Theodóra Alfreðsdóttir, Telma Rós Hermannsdóttir og Guðrún Elín Svansdóttir.

Eftir leynilega kosningu kom í ljós að Guðmundur Gíslason hlaut fæst atkvæði og komst því ekki inn í stjórn.

Kosning varamanna: Einn aðili, Óðinn Gústafsson, bauð sig fram í varastjórn og var því sjálfkjörinn

Kosning í hússtjórn: í framboði eru Steinunn Lilja Ólafsdóttir, Ragna Úlfisdóttir, María Matthíasdóttir og Elísabet Steingrimsdóttir. eru þær samþykktar með lófataki.

Kosning í skemmtinefnd: í framboði eru Kristín Helgadóttir, Íris Mýrdal Kristinsdóttir, Þorbjörg Guðmundsdóttir og Guðmundur Gíslason. Eru þau samþykkt með lófataki.
Kosning í fjölskyldunefnd: Einungis 1 framboð kom í nefndina. Guðrún Elín Svansdóttir var samþykkt með lófataki og lofað sjálfboðaliðum til aðstoðar.

Kosning skoðunarmanna reikninga: Sigurður Rúnarsson bauð sig fram og var samþykktur með lófataki.

3. önnur mál

Fyrirspurn um hversu margir félagar séu á skrá í félaginu. Þeir eru um það bil 300 en einungis 100 af þeim greiða félagsgjöldin.

Fundi slitið 21:50

sign. Jónína Margrét Arnórsdóttir
fundarritari